

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og viðauka III A með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn og verðtoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %
Tollskrárnúmer:	Kjötvörur úr vörulið 1602:	86.000	
1602.1001	Blönduð matvara með meira en 60% af kjöti	-	114,6
1602.1009	Meira en 20% til og með 60%	-	114,6
1602.2011	Meira en 60% af dýralifur	-	127,0
1602.2012	Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	-	127,0
1602.2019	Annað	-	127,0
1602.2021	Annað, meira en 60% af dýralifur	-	127,0
1602.2022	Annað, meira en 20%, til og með 60%	-	127,0
1602.2029	Annað	-	127,0
1602.3101	Úr kalkúnum meira en 60%	-	159,0
1602.3102	Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	-	159,0
1602.3109	Annað	-	159,0
1602.3201	Úr hænsnum meira en 60%	-	159,0
1602.3202	Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	-	159,0
1602.3209	Annað	-	159,0
1602.3901	Annað meira en 60% úr alifuglum	-	159,0
1602.3902	Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	-	159,0
1602.3909	Annað	-	159,0
1602.4101	Úr svínnum meira en 60%, læri og lærissneiðar	-	172,2
1602.4102	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	-	172,2
1602.4109	Annað	-	172,2
1602.4201	Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	-	172,2
1602.4202	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	-	172,2
1602.4209	Annað	-	172,2
1602.4901	Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	-	172,2
1602.4902	Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	-	172,2
1602.4909	Annað	-	172,2
1602.5001	Meira en 60% kjöt úr nautgripum	-	114,6
1602.5002	Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	-	114,6
1602.5009	Annað	-	114,6
1602.9011	Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	-	172,2
1602.9012	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	-	172,2
1602.9019	Annað	-	172,2
1602.9021	Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	-	172,2
1602.9022	Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	-	172,2
1602.9029	Annað	-	172,2

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útbóðs.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2012.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 6. júní 2011.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Sigríður Norðmann.